

LÖG

um brottfall laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2025. Frá sama tíma tekur Háskólinn á Akureyri við eignum og skuldbindingum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er samtímis lögð niður, ásamt embætti forstöðumanns stofnunarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsfólk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar sem er í starfi við gildistöku laga þessara verður starfsfólk Háskólans á Akureyri með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Gjört á Bessastöðum, 1. júlí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Guðlaugur Þór Þórðarson.